VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir 5. tbl. /19



*Föstudaginn 24. maí hófst vinna við að draga burðarvirki nýrrar brúar yfir Eldvatn yfir ána. Brúin er á Skaftártunguvegi (208). Gamla brúin skemmdist mikið í Skaftárhlaupi 2015 og ákveðið var að byggja nýja brú enda burðarvirki þeirrar gömlu verulega laskað. Nýja brúin er stálbogabrú, smíðuð í Póllandi. Hún var flutt í einingum á verkstað í mars síðastliðnum og sett saman á landi. Síðan var burðarvirki brúarinnar dregið yfir ána með vökvatjökkum. Enn er töluverð vinna eftir en áætlað er að vegurinn að brúnni verði opnaður í september.* *Sjá myndasyrpu á bls. 4-5.* *Drónamynd: Munck Íslandi ehf. verktaki.*




*Tekið var á móti nýrri Vestamannaeyjaferju, Herjólfi, með viðhöfn laugardaginn 15. júní 2019,* *sjá bls. 2.*

Útboðsvefur.is - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum *Útboðsvefur.is* og *vegagerdin.is* en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 5. tbl. 27. árg. nr. 695 24. júní 2019**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **G. Pétur Matthíasson**
Prentun: **Oddi**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
eða með tölvupósti til:
**askrift@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



*Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra nefnir Herjólf formlega með hefðbundinni kampavínsflösku.*

## Nýjum Herjólfi fagnað í Vestmannaeyjum

Áður birt á www.vegagerdin.is 18.06.2019

Formleg móttaka nýju Vestmannaeyjarferjunnar Herjólfs var haldin í Friðarhöfn í Vestmannaeyjum laugardaginn 15. júní. Nokkur fjöldi fólks fylgdist með á útsýnisstöðum þegar Herjólfur III og Herjólfur IV sigldu saman til Vestmannaeyja. Skipstjórar skipanna skiptust á að þeyta skipslúðra sem var hátíðlegt að heyra.

Mikill mannfjöldi safnaðist saman við Friðarhöfnina til að taka á móti Herjólfi og ríkti mikil gleði meðal gesta með komu hinnar nýju ferju.

Athöfnin hófst á því að Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, hélt ávarp þar sem hún lýsti yfir einlægri gleði yfir því að Herjólfur væri loks kominn í heimahöfn.

„Það er krefjandi að sigla í Landeyjahöfn í íslenskri veðráttu og takast á við miskunnarlaust Atlantshafið. En Vestmannaeyingar vita að einmitt þær siglingar skipta öllu máli fyrir Eyjar, bæði íbúana og atvinnulífið. Það er von okkar og vissa að ný ferja muni verulega fjölga þeim dögum sem siglt verður í Landeyjahöfn og þannig bæta lífskjörin hér í Eyjum. Það er til mikils að vinna fyrir okkur öll,“ sagði Bergþóra í ræðu sinni.

Hún þakkaði þeim fjölmörgu sem að smíðinni komu. Smíðanefnd og samgönguráðuneyti sem studdu Vegagerðina í gegnum allt ferlið og Ríkiskaupum sem önnuðust útboðið. Hún þakkaði siglingasviði Vegagerðarinnar sem hélt þétt utan um verkefnið og Jóhannesi Jóhannessyni ráðgjafa. Einnig skipasmíðastöðinni Crist S.A., Hirti Emilssyni fyrir eftirlit og lögfræðingum á Íslandi og í Danmörku.

„Ég þakka Vestmannaeyingum fyrir skilning á aðstæðum og þá ekki síst bæjarstjórn Vestmannaeyja sem studdi okkur í erfiðum aðstæðum á lokasprettinum,“ sagði Bergþóra.

Fulltrúi Herjólfs ohf., formaður bæjarráðs Vestmannaeyja og pólski sendiherrann héldu einnig ávörp. Séra Guðmundur Örn Jónsson prestur Landakirkju blessaði skipið. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, flutti ávarp þar sem hann færði Vestmannaeyingum hina nýju ferju.

Að lokum var komið að því að nefna skipið formlega en það féll í skaut Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og barna hennar tveggja.

Að athöfn lokinni var gestum og gangandi boðið til veislu í reisulegu tjaldi við hafnarbakkann. Boðið var upp á bragðgóðar súkkulaðikökur og börnin fengu sælgæti og blöðrur. Bæjarbúar og aðrir gestir gátu síðan skoðað ferjuna og var góður rómur gerður að henni. ■



*Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri opna formlega fyrir umferð um borð í nýjan Herjólf.*

## Niðurstöður útboða

### Hafravatnsvegar (431), frá Mosfellsbæ að gatnamótum Úlfarsfellsvegar 19-064

Tilboð opnuð 4. júní 2019. Endurbætur á 1,7 km kafla Hafravatnsvegar (431-01,) frá Mosfellsbæ að gatnamótum Úlfarsfellsvegar.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Skeringar og fláafleygar | 1.380 $m^3$ |
| Styrktarlag | 2.195 $m^3$ |
| Burðarlag | 2.040 $m^3$ |
| Tvöföld klæðing | 12.205 $m^2$ |
| Ræsalögn | 66 m |
| Frágangur fláa | 7.480 $m^3$ |

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. ágúst 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 41.715.000 | 119,5 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 34.900.000 | 100,0 | -6.815 |

### Grindavíkurvegur (43), framúrakstursreinar 19-062

Tilboð opnuð 12. júní 2019. Gerð framúrakstursreina á Grindavíkurvegi, breiddaraukningu í vegamótum við Seltjörn, lengingu fléttureina í vegamótum við Norðurljósaveg ásamt gerð hliðartenginga og stíga.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Rif malbiks | 5.600 $m^2$ |
| Umframefni úr skeringum | 14.360 $m^3$ |
| Fyllingar | 1.492 $m^3$ |
| Fláafleygar | 8.243 $m^3$ |
| Styrktarlag | 18.821 $m^3$ |
| Burðarlag | 6.305 $m^3$ |
| Malbik | 72.850 $m^2$ |
| Gangstígar | 584 $m^2$ |
| Vegrið | 6.985 m |

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. nóvember 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ | 570.990.000 | 100,8 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 566.227.397 | 100,0 | -4.763 |

### Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Austursvæði 2019 19-025

Tilboð opnuð 14. maí 2019. Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Austursvæði 2019.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Heflun axla | 5,3 km |
| Hjólfarafylling með flotbiki | 68.900 $m^2$ |
| Afrétting með flotbiki, axlir og sigkaflar | 7.950 $m^2$ |
| Afrétting með kaldbiki, axlir og sigkaflar | 5.400 $m^2$ |

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 111.771.525 | 100,0 | 143 |
| 1 | Arnardalur sf., Kópavogi | 111.628.400 | 99,9 | 0 |

### Þurrfræsing á Vestursvæði 2019 19-069

Tilboð opnuð 12. júní 2019. Þurrfræsun og lögn á einfaldri klæðingu á Vestfjarðarvegi og Snæfellsnesvegi. Samtals 12,3 km.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Þurrfræsing og jöfnun | 82.000 $m^2$ |
| Einföld klæðing | 82.000 $m^2$ |
| Efra burðarlag afrétting | 620 $m^3$ |

Helstu magntölur flutnings eru:

| | |
|---|---|
| Flutningur steinefna | 1.850 $m^3$ |
| Flutningur bindiefna | 128 tonn |

Verkinu skal að fullu lokið með neðra lagi klæðingar fyrir 1. september 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 84.115.000 | 101,3 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 83.023.473 | 100,0 | -1.092 |

### Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2019, malbik 19-030

Tilboð opnuð 4. júní 2019. Yfirlagnir með malbiki á Norðursvæði og Austursvæði árið 2019.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Útlögn malbiks | 24.000 $m^2$ |
| Hjólfarafylling og afrétting | 9.300 $m^2$ |
| Fræsing | 18.200 $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 15. september 2019

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 3 | Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas Hafnarfirði | 204.313.145 | 102,4 | 30.286 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 199.505.000 | 100,0 | 25.478 |
| 2 | Malbikun Akureyrar ehf., Akureyri | 191.324.000 | 95,9 | 17.297 |
| 1 | Finnur ehf., Akureyri | 174.027.230 | 87,2 | 0 |

# Brúargerð yfir Eldvatn

Framhald af forsíðu.



*10. apríl 2019 kl. 10:30. Boginn reistur. Aðalverktaki verksins er Munck Íslandi ehf. en undirverktaki við stálsmíði og reisingu var Vistal í Gdansk í Póllandi.*



*8. maí 2019 kl. 14:07. Samsetning stálvirkja langt á veg komin. Stál í boga og langbita kom í allt að 18 m löngum einingum sem soðnar voru saman á verkstað. Brúin er stálbogabrú með frístandandi bogum og neti hengistanga sem bera upp langbita. Langbitarnir verka jafnframt sem togband sem tekur upp lárétta spyrnukrafta bogans.*




*24. maí 2019 kl. 12:00. Tjakkarnir sem toga brúna fram. Heildarþyngd brúarinnar þegar hún var dregin yfir var um 200 tonn.*



*24. maí 2019 kl. 14:53. Brúin var reist á nokkurskonar braut úr stálbitum. Sleðinn sem brúin var dregin á hvíldi á teflon plötum til að lágmarka viðnám við yfirdráttinn.*



*25. maí 2019 kl. 10:42. Brúin nær fram á fyrri samstæðu bráðabirgðaundirstaða.*



*25. maí 2019 kl. 12:05. Gulu súlurnar, bráðabirgðaundirstöðurnar, voru fjarlægðar þegar brúin var komin á sinn stað.*



*26. maí 2019 kl. 11:39. Lóðréttar stálstífur og þverstífur á milli boga eru fjarlægðar þegar brúin er komin yfir á endastöpla.*



*26. maí 2019 kl. 20:45. Brúin lendir á steyptum endastöplum á noðurbakkanum. Undirstöður eru steyptar, skorðaðar í klöpp með bergboltum.*



*13. júní 2019 kl. 09:20. Samsett mynd frá vefmyndavél. Vinna við brúargólf í gangi. Brúargólfið er steypt plata, samverkandi við þverbita, steypt ofan á forsteyptar einingar.*

## Jökulsá við Kollumúla, göngubrú endurgerð

Göngubrú yfir Jökulsá í Lóni við Kollumúlaskála eyðilagðist í aftakaveðri um síðustu áramót. Í vor hefur verið unnið að því að reisa nýja brú enda er hún mikilvæg fyrir ferða- og göngufólk sem á leið um Lónsöræfin. Áin er ófær á sumrin og á alls ekki að reyna að vaða hana á leið inn að Múlaskála.

Ekki var auðvelt fyrir brúarvinnuflokk Vegagerðarinnar að koma efnum og tækjum langar vegleysur að þessum afskekkta stað. Vegur liggur upp á Illakamb en þaðan er drjúg ganga að Kollumúlaskála og algjörlega ófært öllum ökutækjum. Því var gripið til þess ráðs að aka á stórum grjótflutningabíl og beltagröfu upp árfarveginn margra kílómetra leið. Það er gerlegt á meðan svalt er í veðri en um leið og hlýnar verður áin með öllu ófær. Ummerki eftir þetta slark munu svo hverfa þegar sumarvatn er komið í ána.







*Gamla brúin í henglum, könnunarferð 21. mars 2019. Mynd: Sveinn Þórðarson*



*Efnisflutningar, umskipun við göngubrúna við Eskifell. 13. maí 2019. Mynd: Jón Björgvinsson.*




*Vinna hafin við Kollumúla. Grafan nýttist sem vinnupallur og bráðabirgðabrú. 13. maí 2019. Mynd: Jón Björgvinsson.*



*Unnið við stöpla, bráðabirgðabrú komin upp, 28. maí 2019.*



*Víravinna sunnudaginn 2. júní 2019.*



*Staðan 2. júní 2019. Daginn eftir þurfti vinnuflokkurinn að hverfa frá verki um sinn vegna hvassviðris.*



*Brúargólfið sett niður 12. júní 2019.*



*Brúargerðin langt komin 14. júní 2019. Eftir var að ganga frá handriðum og landbrú öðru megin.*

# Framkvæmdir 2019

Helstu verk í vega- og brúagerð sem unnið er að á árinu

Birt með fyrirvara um ófyrirséðar breytingar

Kort sem sýnir framkvæmdir við sjóvarnir og hafnargerð mun birtast síðar.







## Niðurstöður útboða

### Dettifossvegur (862) Hólmatungur – Ásheiði 19-019

Tilboð opnuð 12. júní 2019. Nokkrir verkhlutar nýbyggingar Dettifossvegar (862).
Á Dettifossvegi skal leggja burðarlag og klæðingu á um 7,2 km kafla ofan Vesturdals og byggja nýjan 4,2 km langan veg neðan Vesturdals.
Byggja skal frá Dettifossvegi 2,7 km langan veg niður í Hólmatungur, 1,6 km langan veg niður í Vesturdal og 1,5 km langan veg upp á Langavatnshöfða. Auk þess skal gera nokkra áningarstaði.
Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Bergskeringar | 7.600 m³ |
| Fyllingar | 144100 m³ |
| Fláafleygar | 37.400 m³ |
| Ræsalögn | 323 m |
| Styrktarlag | 73.600 m³ |
| Burðarlag | 27.500 m³ |
| Efnisvinnsla | 40.000 m³ |
| Malbik | 13.320 m² |
| Klæðing neðra lag | 125.000 m² |
| Klæðing efra lag | 153.500 m² |
| Frágangur fláa og náma | 292.000 m² |

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2021.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum | 987.389.088 | 116,1 | 85.752 |
| 1 | G. Hjálmarsson hf., Akureyri | 901.637.560 | 106,0 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 850.293.000 | 100,0 | -51.345 |

### Grímarsstaðavegur (5317), Hvanneyri – Hvítárbrú 19-011

Tilboð opnuð 12. júní 2019. Endurbygging á 5,8 km kafla Grímarsstaðavegar frá gatnamótum að Hvanneyri að Hvítárbrú, ásamt útlögn klæðingar.
Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Fyllingar og fláafleygar | 10.750 m³ |
| Styrktarlag | 9.850 m³ |
| Burðarlag | 6.500 m³ |
| Tvöföld klæðing | 38.400 m² |
| Frágangur fláa | 63.500 m² |

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. ágúst 2020.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 3 | Mjölnir, vörubifreiðstjórafélag, Selfossi | 131.010.350 | 127,2 | 35.894 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 103.015.440 | 100,0 | 7.899 |
| 2 | Þróttur ehf., Akranesi | 99.353.250 | 96,4 | 4.237 |
| 1 | Borgarverk ehf. Borgarnesi | 95.116.000 | 92,3 | 0 |

### Sandgerðishöfn – Suðurgarður, steypt þekja 19-070

Tilboð opnuð 12. júní 2019. Hafnarsjóður Sandgerðishafnar óskar eftir tilboðum í ofangreint verk.
Helstu verkþættir og magntölur eru:
- Grófjafna yfirborð og þjappa, fínjafna undir steypu þekju.
- Slá upp mótum, járnbinda og steypa þekju, alls um 1.600 m².

Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. ágúst 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 3 | Ellert Skúlason ehf., Reykjanesbæ | 44.558.588 | 126,2 | 11.358 |
| 2 | Hagtak hf., Hafnarfirði | 42.500.000 | 120,4 | 9.299 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 35.313.600 | 100,0 | 2.113 |
| 1 | Köfunarþjónusta Sigurðar og Bryggjuverk, Reykjanesbæ | 33.201.000 | 94,0 | 0 |

### Snæfellsnesvegur (54), Blönduhlíð – Ketilsstaðir 19-009

Tilboð opnuð 12. júní 2019. Endurbygging 1,7 km kafla Snæfellsnesvegar frá Blönduhlíð að Ketilsstöðum ásamt útlögn klæðingar.
Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Bergskeringar | 8.500 m³ |
| Fyllingar og fláafleygar | 21.850 m³ |
| Styrktarlag | 6.080 m³ |
| Burðarlag | 2.222 m³ |
| Tvöföld klæðing | 14.790 m² |
| Frágangur fláa | 35.000 m² |

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. ágúst 2020.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Bjartur ehf., Reykjavík | 82.749.320 | 107,6 | 5.420 |
| 1 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 77.329.000 | 100,6 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 76.893.996 | 100,0 | -435 |




## Niðurstöður útboða

### Snæfellsbær – Ólafsvík, lenging Norðurgarðs 2019 19-017

Tilboð opnuð 4. júní 2019. Hafnarstjórn Snæfellsbæjar óskaði eftir tilboði í lengingu Norðurgarðs í Ólafsvík.
Helstu magntölur:
Útlögn grjóts og kjarna . . . . . . . . . . . . . 36.000 $m^3$
Upptekt og endurröðun . . . . . . . . . . . . 2.000 $m^3$
Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. desember 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Suðurverk hf., Kópavogi | 226.036.923 | 179,4 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 125.990.600 | 100,0 | -100.046 |

### Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Vestursvæði og Norðursvæði 2019 19-026

Tilboð opnuð 14. maí 2019. Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Vestursvæði og Norðursvæði 2019.
Helstu magntölur eru:
Hjólfarafylling með flotbiki . . . . . . . . . . 111.960 $m^2$
Framleiðsla á kaldbiki . . . . . . . . . . . . . 2.000 tonn

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Arnardalur sf., Kópavogi | 171.859.300 | 101,8 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 168.902.350 | 100,0 | -2.957 |





*Norðausturvegur (85) í Finnafirði við bæinn Fell, Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall í baksýn. Annar af tveimur vegarköflum á þessu svæði sem verða endurbyggðir með bundnu slitlagi. Sjá niðurstöður útboðs hér fyrir neðan.*

### Norðausturvegur (85) Finnafjörður – Bakkafjörður 19-020

Tilboð opnuð 4. júní 2019. Endurbygging Norðausturvegar á um 20,5 km löngum kafla á Norðausturvegi (85) frá Gunnólfsvík í Finnafirði að Skeggjastöðum í Bakkafirði.
Helstu magntölur eru:
Bergskeringar. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4.200 $m^3$
Fylling úr skeringum og námum . . . . . 6.400 $m^3$
Fláafleygar úr skeringum og námum . . 47.300 $m^3$
Ónothæfu efni jafnað á losunarstað . . 4.700 $m^3$
Skurðgröftur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5.000 $m^3$
Ræsalögn. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 697 m
Styrktarlag . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 73.000 $m^3$
Burðarlag . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 31.000 $m^3$
Tvöföld klæðing . . . . . . . . . . . . . . . . . 133.500 $m^2$
Frágangur fláa . . . . . . . . . . . . . . . . . 275.000 $m^2$
Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2021.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 690.703.000 | 124,8 | 94.807 |
| 3 | Ístrukkur ehf., Jón Ingi Hinriksson ehf., og Steinsteypir ehf., Kópaskeri | 643.654.890 | 116,3 | 47.758 |
| 2 | Víðimelsbræður ehf. og Vélaþjónustan Messuholti ehf., Sauðárkróki | 614.991.400 | 111.1 | 19.095 |
| 1 | Héraðsverk ehf., Egilsstöðum | 595.896.463 | 107,7 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 553.547.000 | 100,0 | -42.349 |

### Hringvegur (1) um Kjalarnes, hönnun (EES útboð) 19-044

Seinni opnunarfundur var 21. maí 2019. Verkhönnun vegna breikkunar Vesturlandsvegar um Kjalarnes. Um er að ræða:
Breikkun Hringvegar á um 9 km kafla.
Þrjú hringtorg á Hringveginn.
Um 12 km af hliðarvegum bæði nýja og uppfærða núverandi vegi.
Fimm undirgöng (þrjú stálgöng og tvö steypt) og tvö mannvirki yfir á (annars vegar lengingu og hins vegar breikkun).
Um 3,4 km af hjóla- og göngustígum.
Verkhönnun skal lokið fyrir 1. júní 2020.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 137.000.000 | 100,0 | 51.449 |
| 6 | Mannvit hf., Reykjavík (93) | 121.123.539 | 88,4 | 35.572 |
| 5 | Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar, Kópavogi (94) | 120.016.010 | 87,6 | 34.465 |
| 4 | Verkfræðistofan Hnit hf., Reykjavík (85) | 98.854.550 | 72,2 | 13.303 |
| 3 | VSÓ Ráðgjöf ehf., Reykjavík (86) | 89.491.319 | 65,3 | 3.940 |
| 2 | Efla hf., Reykjavík (92) | 87.195.690 | 63,6 | 1.644 |
| 1 | Verkís hf., Reykjavík (86) | 85.551.453 | 62,4 | 0 |

Stig í hæfnimati eru innan sviga




*„Ert þú jákveð(ur) eða nækvæðu(ur) gagnvart Vegagerðinni?“ Þetta var ein af spurningunum sem spurðar voru í viðhorfskönnun Maskínu til Vegagerðarinnar sem gerð var dagana 17. apríl til 5. maí 2019. Niðurstaðan sést hér að ofan með samanburði við sömu spurningu allt aftur til 2003. Skýrslu um könnunina má sjá á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar“ og „Viðhorfskannanir“.*

## Niðurstöður útboða

### Krýsuvíkurvegur (42) um Vatnsskarð 19-007

Tilboð opnuð 12. júní 2019. Endurbætur á 1,5 km kafla Krýsuvíkurvegar (42-01/02) þar sem hann liggur um Vatnsskarð.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Skeringar | 12.715 m³ |
| Fláafleygar | 4.995 m³ |
| Fyllingar | 16.765 m³ |
| Styrktarlag | 2.800 m³ |
| Burðarlag | 1.775 m³ |
| Tvöföld klæðing | 9.380 m² |
| Vegrið | 720 m |
| Frágangur fláa | 24.575 m³ |

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. október 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Ístak hf., Reykjavík | 100.812.367 | 183,0 | 36.388 |
| 3 | Óskatak ehf., Kópavogi | 92.981.800 | 168,8 | 28.558 |
| 2 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 83.242.000 | 151,1 | 18.818 |
| 1 | Mjölnir, vörubifreiðastjórafélag, Selfossi | 64.423.900 | 116,9 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 55.100.000 | 100,0 | -9.324 |

### Bolungarvíkurhöfn – Brjóturinn, endurbygging stálþils 2019 19-068

Tilboð opnuð 12. júní 2019. Hafnarsjóður Bolungarvíkur óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir eru:

- Prufurekstur, sprengd eða rippuð rás fyrir þil ef þörf reynist á.
- Rekstur 78 stálþilsplatna, steypa akkerisplötur, uppsetning staga og festinga og fylling innan við þil.
- Taka upp fríholt, brjóta og fjarlægja kant með pollum og festihringjum alls um 97 m.
- Brjóta og fjarlægja steypta þekju. Aftengja og taka upp raf-, og vatnslagnir.
- Leggja vatnslagnir í bryggjuna og ídráttarrör fyrir rafstrengi.
- Steypa kantbita með pollum, uppsetningu á stigum og fríholtum.
- Fylla í skarð milli gamla stálþils og grjótgarðs norðaustan við stálþilið.
- Taka upp núverandi grjótvörn og endurraða grjótvörn utan á nýja fyllinguna.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 5 | Kubbur ehf., Ísafirði | 194.031.212 | 149,0 | 94.653 |
| 4 | Hagtak hf., Hafnarfirði | 152.500.000 | 117,1 | 53.121 |
| 3 | Lárus Einarsson ehf., Reykjanesbæ | 135.268.450 | 103,9 | 35.890 |
| 2 | Köfunarþjónusta Sigurðar og Bryggjuverk, Reykjanesbæ | 132.382.220 | 101,7 | 33.004 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 130.199.500 | 100,0 | 30.821 |
| 1 | Ísar ehf., Kópavogi | 99.378.700 | 76,3 | 0 |







*Þáverandi Hringvegur (1), Vesturlandsvegur, í Hvalfirði. Eldri myndin var tekin fyrir rúmum 30 árum, 28. maí 1987. Þá var reyndar búið að finna upp litfilmuna en þessi mynd er fín í svart/hvítu og hæfir tilefninu. Þarna er unnið með alla umferðina á vinnusvæðinu. Líklega hefur það þó ekki verið gaman, hvorki fyrir verktakann né vegfarendur. Verið var að byggja upp nýjan veg með bundnu slitlagi en áður var þetta sæmilegur malarvegur. Nú þjónar Hvalfjarðarvegur íbúum og atvinnustarfsemi í firðinum en er um leið skemmtileg og vanmetin ferðamannaleið.*

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 19-072 Hringvegur (1) um Steinavötn og Fellsá | 2019 |
| 19-075 Hringvegur (1) um Steinavötn og Fellsá , eftirlit | 2019 |
| 19-067 Hringvegur (1), Brú á Kvíá, vegtengingar | 2019 |
| 19-066 Hringvegur (1), Brú á Kvíá, brúarsmíði | 2019 |
| 19-060 Vetrarþjónusta 2019-2022. Reykhólasveit | 2019 |
| 19-059 Borgarfjarðarvegur (94) um Vatnsskarð | 2019 |
| 19-057 Hringvegur (1), Brú á Brunná | 2019 |
| 19-052 Hafnarfjarðarvegur (40), Vífilsstaðavegur – Lyngás | 2019 |
| 19-053 Hringvegur (1), Skarhólabraut – Hafravatnsvegur | 2019 |
| 19-047 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2019 | 2019 |
| 19-005 Grafningsvegur efri (360), Úlfljótsvatn – Hagavík | 2019 |
| 19-006 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Einholtsvegur – Biskupstungnabraut | 2019 |
| 19-008 Laugarvatnsvegur (37), Biskupstungnabraut – Þóroddsstaðir | 2019 |
| 19-012 Mófellsstaðavegur (507), Borgarfjarðarbraut – Hreppslaug | 2019 |
| 19-013 Akranes, Breiðin - sjóvörn | 2019 |
| 19-015 Seltjarnarnes - sjóvarnir 2019 | 2019 |
| 19-016 Dalvíkurbyggð - sjóvarnir 2019 | 2019 |
| 19-032 Yfirlagnir þjóðvega 2019, malbik | 2019 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 19-074 Undirgöng í Grindavík | 11.06.19 | 26.06.19 |
| 19-073 Samgöngulíkan fyrir höfuðborgarsvæðið (SLH) | 05.06.19 | 25.06.19 |
| 19-063 Hringvegur (1) um Öxnadalsheiði, styrking | 04.06.19 | 19.06.19 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 19-017 Ólafsvík - lenging Norðurgarðs | 20.05.19 | 04.06.19 |
| 19-019 Dettifossvegur (862), Hólmatungur – Ásheiði | 27.05.19 | 12.06.19 |
| 19-020 Norðausturvegur 85, Finnafjörður – Bakkafjörður | 20.05.19 | 04.06.19 |
| 19-030 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2019, malbik | 20.05.19 | 04.06.19 |
| 19-009 Snæfellsnesvegur (94), Blönduhlíð - Ketilsstaðir | 27.05.19 | 12.06.19 |
| 19-010 Strandavegur (643), Litla-Kleif í Norðurfirði | 13.05.19 | 28.05.19 |
| 19-011 Grímarstaðavegur (5371), Hvanneyri – Hvítárvallabrú | 27.05.19 | 12.06.19 |
| 19-007 Krýsuvíkurvegur (42) um Vatnsskarð | 27.05.19 | 12.06.19 |
| 19-068 Bolungarvíkurhöfn - Brjóturinn, endurbygging stálþils 2019 | 27.05.19 | 12.06.19 |
| 19-070 Sandgerðishöfn - Suðurgarður, steypt þekja | 27.05.19 | 12.06.19 |
| 19-071 Hringvegur (1), Hörgsá - Breiðbalakvísl, sementsfestun | 27.05.19 | 12.06.19 |
| 19-062 Grindavíkurvegur, framúrakstursrein | 27.05.19 | 12.06.19 |

| Útboð á samningaborði, framhald | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 19-069 Þurrfræsing á Vestursvæði 2019 | 27.05.19 | 12.06.19 |
| 19-064 Hafravatnsvegar (431), frá Mosfellsbæ að gatnamótum | 20.05.19 | 04.06.19 |
| 19-061 Fjarðabyggð – Norðfjörður endurbygging Togarabryggju, 2019 | 07.05.19 | 21.05.19 |
| 19-044 Hringvegur (1) um Kjalarnes, hönnun | 03.04.19 | 14.05.19 |
| 19-051 Dýrafjarðargöng (60): Stjórnkerfi | 08.04.19 | 07.05.19 |
| 19-046 Sauðárkróksbraut (75) um Austurós Héraðsvatna - Sandblástur og málun stálbita | 08.04.19 | 30.04.19 |
| 19-003 Hringvegur (1) um Ölfusá - sandblástur og málun grindar | 08.04.19 | 30.04.19 |
| 19-050 Stór ræsi á Suðurlandi 2019 | 01.04.19 | 16.04.19 |
| 19-022 Yfirlagnir á Vestursvæði 2019, klæðing | 02.04.19 | 16.04.19 |
| 19-024 Yfirlagnir á Austursvæði 2019, klæðing | 25.03.19 | 09.04.19 |
| 19-042 Efnisvinnsla á Vestursvæði, Fossamelar 2019 | 11.03.19 | 26.03.19 |
| 19-037 Kantsláttur á Suðursvæði 2019-2020, þjónustustöð Selfossi | 25.02.19 | 12.03.19 |
| 19-035 Grassláttur á Suðursvæði | 25.02.19 | 12.03.19 |
| 19-036 Kantsláttur á Suðursvæði 2019-2020, þjónustustöð Hafnarfirði | 25.02.19 | 12.03.19 |
| 19-038 Kantsláttur á Suðursvæði, 2019-2020, þjónustustöð Vík | 25.02.19 | 12.03.19 |
| 19-014 Grindavík - sjóvarnir 2019 | 19.02.19 | 12.03.19 |
| 18-117 Reykjavegur (355), Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur | 10.12.18 | 08.01.19 |
| 18-100 Snæfellsbær, Arnarstapi, dýpkun | 23.07.18 | 14.08.18 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 19-025 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir, Suðursvæði og Austursvæði 2019 *Arnardalur sf. kt. 540678-0309* | 14.05.19 | 12.06.19 |
| 19-021 Yfirlagnir á Suðursvæði 2019, klæðing *Borgarverk ehf., kt. 540674-0279* | 07.05.19 | 22.05.19 |
| 19-031 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2019, repave-fræsun og malbik *Loftorka í Reykjavík ehf. kt. 571285-0459* | 16.04.19 | 10.05.19 |
| 19-029 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2019, malbik *Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. kt. 420187-1499* | 16.04.19 | 10.05.19 |
| 19-028 Yfirlagnir á Suðursvæði malbik 2019 *Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. kt. 420187-1499* | 16.04.19 | 10.05.19 |
| 19-026 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir, Vestursvæði og Norðursvæði 2019 *Arnardalur sf. kt. 540678-0309* | 14.05.19 | 29.05.19 |
| 19-027 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2019, blettanir með klæðingu *Borgarverk ehf., kt. 540674-0279* | 07.05.19 | 24.05.19 |
| 19-023 Yfirlagnir á Norðursvæði 2019, klæðing *Borgarverk ehf., kt. 540674-0279* | 16.04.19 | 24.05.19 |